



Reykjavík, 10. maí 2024

SFS22020010

MSS23020033

## Tillaga

**Viðtakandi:** Skóla- og frístundaráð

**Sendandi:** Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Framsóknarflokksins og Pírata

---

### Tillaga skóla- og frístundaráðsfulltrúa Samfylkingarinnar, Framsóknarflokksins og Pírata um val á sviðsmynd vegna framtíðar skóla- og frístundastarfs í Laugarnes- og Langholtshverfi

Lagt er til að fallið verði frá fyrri ákvörðun um að sviðsmynd 1 í ódags. skýrslu starfshóps um framtíðarsýn skóla- og frístundastarfs í Laugarnes- og Langholtshverfi komi til framkvæmda. Þess í stað komi til framkvæmda að móta skóla- og frístundastarf í Laugardalnum til framtíðar samkvæmt sviðsmynd 4 í skýrslu starfshóps um undirbúning framkvæmda, dags. í nóvember 2023. Verkefnastjóri verði fenginn að verkefninu til að tryggja rétt upplýsingaflæði, tímaramma og verkáætlanir.

#### Greiñargerð:

Á fundi skóla- og frístundaráðs þann 3. október 2022, var lögð fram og samþykkt tillaga sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs. Tillaga sviðsstjóra kvað á um að sviðsmynd 1 í skýrslu starfshóps um framtíðarsýn skóla- og frístundastarfs í Laugarnes- og Langholtshverfi verði fyrir valinu til að móta skóla- og frístundastarf í Laugardalnum til framtíðar. Tillagan var samþykkt í borgarráði þann 13. október 2022.

Á fundi borgarráðs þann 9. febrúar 2023, voru lögð fram til kynningar drög að erindisbréfi starfshóps um undirbúning framkvæmda vegna skóla- og frístundastarfs í Laugarnes- og Langholtshverfi. Með erindisbréfi, dags. 14. febrúar 2023, var skipaður starfshópur um undirbúning framkvæmda vegna skóla- og frístundastarf í Laugarnes- og Langholtshverfi. Á grundvelli þess er fram kemur í skýrslu starfshópsins, dags. í nóvember 2023, er lagt til að í stað þess að sviðsmynd 1, í fyrrneftndri skýrslu, verði fyrir valinu er lagt til að sviðsmynd 4 komi til framkvæmda en aflað verði umsagna hagaðila.